

Stjórnarfundur Leiðsagnar

20. desember 2021 kl. 16:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR) formaður, Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) varaformaður, Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) meðstjórnandi (sem jafnframt ritaði fundargerð), Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi (aðalmaður í stað Jakobs S. Jónssonar),

Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður.

Hjörtur Howser varamaður svaraði ekki fundarboði.

1.	Fundur settur	<p>Formaður setur fundinn og tilkynnir í upphafi fundar að Jakob S. Jónsson (JSJ) ritari stjórnar hafi sent sér bréf í gær (19.12.) og sagt sig úr stjórn (þ.a.l. trúnaðarráði), kjaranefnd (þ.a.l. laga-breytingarnefnd) og fagráði Leiðsagnar, af persónulegum ástæðum.</p> <p>Formaður leggur til að HB taki við starfi ritara og eru aðrir fundarmenn samþykkir því.</p> <p>Fyrsti varamaður inn í stjórn er Hjörtur Howser en hann hefur ekki svarað fundarboði og tekur því annar varamaður SP á þessum fundi sæti JSJ sem aðalmaður.</p>	Á	Á
2.	Fundargerðir síðustu funda	<p>Fundargerð síðasta fundar vantar frá JSJ. Eins vantar fullfrágengnar fundargerðir frá 20.9., 18.10, og 22.11. Formaður tekur að sér að ganga eftir skilum á þeim.</p>		FR
3.	Almannatengsl félagsins, ályktanir, umsagnir o.fl.	<p>Í kjölfar fréttu um blóðmerahald sendi stjórn Leiðsagnar frá sér yfirlýsingu þann 23.11.2021 þar sem illri meðferð fylfullra mera er mótmælt og varað við að slík starfsemi skaði íslenska ferðaþjónustu og orðspor Íslands (sjá yfirlýsingu í fylgiskjali). Viðbrögð félagsmanna við yfirlýsinguni hafa verið mjög jákvæð og eins viðbrögð í samfélaginu. Stjórn ræddi í hvaða tilfellum væri rétt að félagið brygðist við á opinberum vettvangi og talið rétt að stíga varlega til jarðar í þeim efnum, t.d. umsagnir um lagafrumvörp og fleira slíkt, þurfi öll slík afskipti að varða hagsmuni leiðsögumanna og/eða ferðaþjónustunnar. Einnig rætt á hvaða miðlum slíkar yfirlýsingar félagsins ættu að birtast. Eðlilegt að það sé fyrst og fremst á heimasíðu og facebook-síðu félagsins, þaðan sem hægt er að deila efninu, og ef tilefni er til þá að birta yfirlýsingar einnig í opinberum fjölmiðlum.</p>	U	

4.	<p>Fullskipað í allar nefndir og ráð. Lagabreytingarnefnd hefur hafið störf.</p>	<p>Lagabreytingarnefnd er fullskipuð og hefur haldið sinn fyrsta fund. Setur nefndin sér sjálf verkreglur og tímamörk, en verkefnið þarf að klárast fyrir aðalfund í vor og hefur nefndin þá formlega lokið störfum.</p> <p>Rætt um nefndir sem ekki hafa verið virkar lengi, t.d. alþjóðanefnd, löggildingarnefnd og ritnefnd. Hlutverk alþjóðanefndar er að sinna samskiptum við erlenda aðila og systurfélög á Norðurlöndum og í Evrópu, en lítið hefur verið um samskipti á undanförunum árum. Þetta er hlutverk sem stjórn gæti allt eins haft með höndum, einkum væri æskilegt að tengjast leiðsögumannafélögum á Norðurlöndum. Löggildingarnefnd hefur ekki komið saman í nokkur ár, en hennar hlutverk var að vinna að löggildingu leiðsögumannastarfsins. Lögverndun starfsheitis eða löggilding er enn á dagskrá félagsins, en spurning með hvað hætti því starfi verður haldið áfram. Ritnefnd er þriðja nefndin sem hefur haft fá eða engin verkefni síðustu ár og óljóst með hlutverk hennar. Ef til vill nægilegt að stofna til tímabundinna ritnefnda þegar sérstök útgáfuverkefni standa til? Niðurfellingu fastanefnda þarf að leggja fyrir aðalfund með lagabreytingu.</p>	U	
5.	<p>Tengslavinna (Landsbjörg, SAF, Félag fjallaleiðsögmanna, Bárán)</p>	<p>Formaður og varaformaður sátu áhugaverðan og gagnlegan fund með aðilum í ferðaþjónustu um öryggismál (vegna Reynisfjöruslyssins). Stungið upp á því við fræðslunefnd (GME og SP sem sitja fundinn eru einnig í fræðslunefndinni) að fá Jónas Guðmundsson hjá Landsbjörgu til að halda námskeið fyrir leiðsögumenn um Safe Travel, almenn öryggisatriði, o.fl. sem tengist starfi þeirra og viðbrögðum á vettvangi. Æskilegt að hafa slíkt námskeið fljótlega eftir áramótin. Ef covid hamlar staðbundnu námskeiði má hafa það í streymi. FR og SSS ætla á fund stjórnar Bárunnar til að ræða samning um vinnustaðaeftirlit á Suðurlandi og kostnað við slíkt. Nú þegar er til staðar samningur við Einingu-Íðju um vinnustaðaeftirlit á Eyjafjarðar-svæðinu og Norðurlandi vestra. Gera þarf ráð fyrir þessum mála-flokki í fjárhagsáætlunum næstu ára, t.d. ca 250.000 árið 2022. Í boði er námskeið í vinnustaðaeftirliti og þyrfti að hvetja áhugasama félagsmenn til að taka námskeiðið og fara í samstarfi við Bárúna og ASÍ í eftirlit. Eftir því sem næst verður komist þá hafa 3 félagsmenn þegar tekið slíkt námskeið (Pétur Gauti, Jakob S. Jónsson, Óskar Kristjánsson). Leiðsögumaðurinn Sigurður Magnússon (varamaður í trúnaðarráði) hefur mikla reynslu af vinnustaðaeftirliti og væri gott að fá hann til að koma á fund stjórnar til að segja frá sinni reynslu.</p>	U	<p>GME SP</p> <p>FR SSS</p> <p>FR</p>

		FR, SSS og HB áttu mjög góðan fund með Helgu Maríu formanni Félags fjallaleiðsögumanna og hefur stjórnarfolk fengið senda minnispunkta frá fundinum.	U	
6.	Ráðningasamningur við starfsmann á skrifstofu.	<p>Formaður ítrekar nauðsyn þess að ganga frá nýjum ráðningasamningi við RÁ starfsmann skrifstofu sem fyrst, helst strax eftir áramótin. VÁ hefur verið að vinna í því að útbúa ráðningasamning, skilgreina launaflokk, stéttarfélag o. fl. en eðlilegt er talið að fara eftir kjarasamningum VR fyrir skrifstofustörf. RÁ óskar þó eftir að greiða stéttarfélagsgjald til Leiðsagnar líkt og hún hefur gert fram að þessu og hefur lögfræðingur ASÍ sagt að það sé í lagi.</p> <p>Þarf að skilgreina verksvið starfsmanns og hvað fæst fyrir hækkað starfshlutfall, en 75% þýðir ca 27 klst vinnuskyldu á viku. RÁ óskar eftir að vinna 4 daga í viku líkt og verið hefur. Rætt um viðveru, opnunartíma skrifstofu og símatíma. RÁ hefur óskað eftir að fá akstursstyrk vegna ýmissa erinda sem hún þarf að sinna fyrir félagið utan skrifstofutíma. Akstursdagbók og leigubílar einnig talið koma til greina en ekki komst niðurstaða í þetta mál. Eins biður RÁ stjórnarfolk um að tefja ekki starf sitt þegar hún þyrfti frekar að sinna erindum félagsmanna, t.d. á símatíma skrifstofu. FR veltir upp hvort bjóða ætti upp á símatíma formanns, t.d. 2 klst í viku?</p> <p>Þarf að komast að samkomulagi um opnunartíma skrifstofu og viðveru starfsmanns og gera verklagsreglur á skrifstofu, t.d. varðandi skjalavörslu o.fl. Starfsmaður á að geta sent sértæk vandamál félagsmanna til sérfróðra aðila, hann á t.d. ekki að útkljá erfið og flókin kjaraálitamál heldur vísa þeim til kjaranefndar sem taki málin til afgreiðslu, vinni úr þeim og skjalfesti. Skjalavörslu kjaranefndar mætti síðan bæta mikið, ekki eru til fundargerðir eða minnispunktar og heldur ekki úrvinnsla og niðurstaða mála eða leiðbeinandi ferli sem gæti létt þeim sem á eftir koma starfið.</p> <p>Framundan eru stór og viðamikil verkefni og starfsmaður skrifstofu þurfi að vera viðbúinn að mæta auknum kröfum, m.a. vegna kjarasamninga. Til er starfslýsing starfsmanns skrifstofu frá 2018 og einnig hefur HB gert starfslýsingu út frá upplýsingum RÁ um dagleg verkefni skrifstofunnar.</p> <p>Minnt á að uppfæra þarf launataxta frá 1. janúar og þurfa nýjar upplýsingar að fara á heimasíðuna ekki seinna en um áramót.</p>	U U U	FR VÁ FR VÁ RÁ
7.	Siðareglur Leiðsagnar	FR segir frá fundi sem hann og HB áttu með Páli Rafnari Þorsteinssyni hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.	U	

		Voru honum kynntar tillögur HB að siðareglum félagsins sem hann ætlar að fara vandlega yfir. Hefur Páll gert félaginu sanngjarnt tilboð vegna vinnu sinnar sem stjórn hefur samþykkt. Er innifalið fundur með stjórnarfólki og jafnframt kynning á félagsfundi.		
8.	Almennur félagsfundur í janúar/febrúar 2022	Stefnt er að því að halda almennan félagsfund í lok janúar eða byrjun febrúar þar sem kynntar verða m.a. nýjar siðareglur fyrir félagsmönnum og eins tekin til umræðu skýrsla starfshóps Ferðamálaráðuneytisins.	U	FR Stjórn
9.	Önnur mál	<p>a) Vinnudagur stjórnar: Ákveðið að halda vinnudag stjórnar í janúar, nánari dagsetning ákveðin í tölvupóstum.</p> <p>b) Endurmenntunarsjóður: GME spyr um úthlutanir til fræðslunefndar, en nefndin hefur ekki fengið upplýsingar um niðurstöðu stjórnar Endurmenntunarsjóðs frá 30.11. (FR, VÁ og HB sitja í stjórn Endurmenntunarsjóðs). FR upplýsir að samþykkt var að úthluta úr sjóðnum til 6 námskeiða sem fræðslunefnd sótti um að halda í samstarfi við EHÍ, en ákvörðun varðandi fræðsluferðir var frestað til apríl, m.a vegna covid. FR kom með ábendingu um að umsókn fræðslunefndar hefði mátt vera betur útfærð t.d. með nöfnum væntanlegra fyrirlesara, áfangastöðum, útfærslu fræðsluferða o.s.frv. og tekur HB undir það sjónarmið. GME telur það ekki nauðsynlegt, ekki sé hefð fyrir því og fræðslunefnd þurfi fyrst að vita hvaða fjármunum hún hefur úr að spila áður en gengið er á fund EHÍ og dagskrá ákveðin, og tóku VÁ og SP undir hennar sjónarmið. Taldi GME að rétt hefði verið að upplýsa fræðslunefnd með góðum fyrirvara um nýtt fyrirkomulag ef ætlast var til að umsóknir væru ítarlegri og með öðru sniði en hingað til hefur tíðkast. Sköpuðust nokkrar umræður og sýndist sitt hverjum.</p> <p>c) Heiðursfélagar á afmælisári: HB stingur upp á að kalla eftir tilnefningum frá trúnaðarráðsfélki og SSS minnir á tillögu sína um að tilnefna alla núlifandi stofnfélaga samtaka leiðsögumanna. Rætt um afmælisárið, sérblað sem myndi fylgja Fréttablaðinu í lok mars (í tengslum við páska skv. tillögu markaðsfólks Fréttablaðsins) en FR og SSS hafa rætt við fólk þar á bæ og list stjórn vel á slíka útgáfu. HB stingur upp á fleiri skipulögðum viðburðum á vegum félagsins, t.d. vekja sérstaka athygli þann 21. febrúar á alþjóðadegi leiðsögumanna og hafa almennt fleiri viðburði á afmælisárinu. SSS hefur tekið að sér að skipuleggja afmælisárið, segist vera með gott fólk með sér í teymi og langi til að kynna fyrir stjórn hvað stendur til, t.d. á komandi vinnufundi í janúar</p>	U	FR Stjórn FR HB SSS FR

	<p>d) Fagdeildin: Lítið hefur frést af starfi deildarinnar á árinu. Getur stjórn kallað eftir upplýsingum? Skv. 13.gr. laganna fer stjórn með yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda, fellur fagdeildin þar undir eða er hún sjálfstæð eining sem lýtur ekki annarri stjórn en sinni eigin? Æskilegt að fá álit lögfræðings ASÍ.</p> <p>e) Fulltrúar stjórnar í sjóðum, deildum, ráðum og nefndum. Rætt um nauðsynlegt upplýsingaflæði til stjórnar. Stjórn Leiðsagnar á t.d. ekki lengur fulltrúa í stjórn Sjúkrasjóðs, vantar alveg tengsl og upplýsingar um stöðu sjóðsins þó stjórn LS beri fulla ábyrgð á fjárreiðum hans. Athuga að breytingar á lögum um skipan stjórnar sjóðsins frá 2020 (23.gr.) og reglugerð Sjúkrasjóðs eru í mótsögn í dag og mikilvægt að samræmis gæti. Stjórn telur mikilvægt að eiga fulltrúa í stjórn sjóðsins og er því álit vísað til lagabreytingar-nefndar. Samþykkt að kalla eftir yfirliti frá Sjúkrasjóði og brýnt að fá stjórn sjóðsins á vinnufundinn í janúar.</p> <p>Allar nefndir og ráð eiga að skila ársyfirliti til stjórnar LS fyrir aðalfund að vori og gott að hefja undirbúning að því, t.d. á vinnufundinum í janúar.</p> <p>f) Heimasíðan: Núverandi heimasíða var sett upp fyrir 2-3 árum, að sögn GME var grunnformatið fengið frá Verkalýðsfélagi Akraness og aðlagð þörfum Leiðsagnar. SSS og SP telja heimasíðuna þó ekki þjóna tilgangi sínum sem skyldi og vilja skoða aðrar útfærslur og kerfi. Þau eru tilbúin til að yfirfara hvað þyrfti að lagfæra. Stungið upp á að fá tilboð í annars vegar endurnýjun núverandi síðu eða uppsetningu nýrrar.</p>	U	FR	Stjórn
		U	Á	FR
		U	SP	SSS
	Fundi slitið 18:30			

Fundi slitið kl. 18:30

Harpa Björnsdóttir, ritari

Friðrik Rafnsson, formaður

Samþykkt með tölvupósti: